

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Zimbabwe, nr. 744/2015, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Zimbabwe nr. 744/2015 í rétttri númeraröð:

- 1.11 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2018/224 frá 15. febrúar 2018 um breytingu á ákvörðun 2011/101/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Zimbabwe, fylgiskjal 1.11.
- 1.12 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2018/227 frá 15. febrúar 2018 um framkvæmd ákvörðunar 2011/101/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Zimbabwe, fylgiskjal 1.12.
- 2.16 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2018/223 frá 15. febrúar 2018 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 314/2004 um tiltekna þvingunaraðgerðir að því er varðar Zimbabwe, fylgiskjal 2.16.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 20. desember 2018.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Sturla Sigurjónsson.

Fylgiskjal 1.11.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2018/224

frá 15. febrúar 2018

um breytingu á ákvörðun 2011/101/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Zimbabwe

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 15. febrúar 2011 samþykkti ráðið ákvörðun 2011/101/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Zimbabwe ⁽¹⁾.
- 2) Ráðið hefur endurskoðað ákvörðun 2011/101/SSUÖ með hliðsjón af stjórn málaþróun í Zimbabwe. Að teknu tilliti til fjölda og mikilvægis þeirra óvissuþátta sem einkenna yfirstandandi umbreytingarferli í kjölfar leiðtogaskiptanna í desember 2017, telur ráðið að þvingunaraðgerðir ættu að gilda áfram þar til ástandið skýrist.
- 3) Því ætti að framlengja þvingunaraðgerðirnar gegn Zimbabwe til 20. febrúar 2019. Þvingunaraðgerðirnar ættu að vera til stöðugar endurskoðunar af hálfu ráðsins í ljósi þróunar stjórn mála og að því er varðar öryggi í Zimbabwe.
- 4) Viðhalda ætti þvingunaraðgerðunum gagnvart þeim sjö aðilum og þeirri einu rekstrareiningu sem eru á skrá í I. viðauka við ákvörðun 2011/101/SSUÖ. Endurnýja ætti tímabundna niðurfellingu þvingunaraðgerða gagnvart þeim fimm aðilum sem eru á skrá í II. viðauka við ákvörðun 2011/101/SSUÖ.
- 5) Því ætti að breyta ákvörðun 2011/101/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 10. gr. ákvörðunar 2011/101/SSUÖ komi eftirfarandi:

„10. gr.

1. Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún er samþykkt.
2. Ákvörðun þessi gildir til 20. febrúar 2019.
3. Þær aðgerðir, er um getur í 1. mgr. 4. gr. og 1. og 2. mgr. 5. gr., skal, að því marki sem þær gilda um þá aðila sem eru á skrá í II. viðauka, fella niður tímabundið til 20. febrúar 2019.
4. Ákvörðun þessi skal vera til stöðugar endurskoðunar og hana skal framlengja eða henni breyta, eftir því sem við á, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 15. febrúar 2018.

Fyrir hönd ráðsins,

K. VALCHEV

forseti.

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2011/101/SSUÖ frá 15. febrúar 2011 um þvingunaraðgerðir gegn Zimbabwe (Stjtið. ESB L 42, 16.2.2011, bls. 6).

Fylgiskjal 1.12.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2018/227

frá 15. febrúar 2018

um framkvæmd ákvörðunar 2011/101/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Zimbabwe

I. viðauka við ákvörðun 2011/101/SSUÖ skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2018/227/oj.

Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eurlex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Fylgiskjal 2.16.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2018/223

frá 15. febrúar 2018

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 314/2004

um tilteknar þvingunaraðgerðir að því er varðar Zimbabwe

III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 314/2004 skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2018/223/oj.

Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eurlex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.